

## **Fundargerð aðalfundar Öldungaráðs Suðurnesja haldinn föstudaginn 21. október 2022 kl. 14:00 á Nesvöllum**

Formaður Sigurður Jónsson setti fundinn og lagði fram tillögu um að fundarstjóri yrði Jóngeir H. Hlinason og var það samþykkt. Einnig lagði hann fram tillögu um að Kristjana H. Kjartansdóttir yrði ritari fundarins og var það samþykkt.

### **Skýrsla formanns**

Fráfarandi formaður Sigurður Jónsson flutti skýrslu formanns ( sjá skýrsluna)

### **Skýrsla gjaldkera**

Jóngeir H. Hlinason gjaldkeri flutti skýrslu gjaldkera og þar kom m.a. fram að stað reiknings félagsins

### **Samþykktir Öldungaráðs Suðurnesja**

Eyjólfur Eysteinnsson kynnti breytingar á samþykktum Öldungaráðsins, voru þær lagðar fram á fundinum og samþykktar.

(sjá breytingarnar)

Eyjólfur flutti mjög skýra og greinagóða samantekt úr sögu uppbyggingar í starfi félagsins varðandi öldrunar -og heilbrigðismál á Suðurnesjum.

Hann nefndi að nú væru fulltrúar frá Grindavík mættir á aðalfundinn og fagnaði hann því að Grindvíkingar kæmu nú á fund til að kynna sér störf Öldungaráðs Suðurnesja.

Þær sem mættu voru:

Margrét Birna Valdemarsdóttir í Öldungaráði Grindavíkur

Birgitta Rán Friðfinnsdóttir og Hallfríður Hólmgrímsdóttir bæjarfulltrúar Grindavíkurbæjar

### **Kosning formanns Öldungaráðs Suðurnesja**

Eyjólfur Eysteinnsson var kjörinn með lófaklappi

### **Kosning 6 stjórnarmanna**

Tillögur um eftirfarandi félag í stjórn:

Formaður Eyjólfur Eysteinnsson

Díana Hilmarsdóttir

Magnús Sigfús Magnússon

Jóngeir Hjörvar Hlinason

Sigurbjörg Jónsdóttir

Berglind Ásgeirsdóttir

Guðrún Eyjólfsdóttir

Stjórnin kjörin með lófaklappi

## Önnur mál

### Kjartan Már Kjartansson Bæjarstjóri Reykjanesbæjar

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri upplýsti um gang mála varðandi viðbótarbyggingu við hjúkrunarheimilið á Nesvöllum og ítrekaði að þar sem nýjar reglugerðir hafa verið settar er ekki er eining um að áframhald byggingarinnar. Reykjanesbær vill halda áfram með núverandi teikningar. Þetta og fleira hefur tafið bygginguna umtalsvert og er fyrirhugaður fundur í næstu viku með heilbrigðisráðherra og fleiri aðilum svo vonir standa til að málið leysist svo hægt verði að byrja á framkvæmdunum sem fyrst. Kjartan upplýsti einnig um heimahjúkrunarmál þar sem verið er að undirbúa tillögur í sjö liðum varðandi samþættingu og samstarf.

### Markús Ingólfur Eiríksson forstjóri og framkvæmdarstjóri HSS

Markús Ingólfur Eiríksson Upplýsti um gang mála varðandi Heilsugæslu Suðurnesja. Í máli hans kom fram að plássleysi hafi hamlað því að hægt væri að bjarga fólki eins og hann tók til orða. Gríðarlegar breytingar hafa orðið á rekstrinum og eru fleiri í farvatninu.

Ný heilsugæslustöð er fyrirhuguð í Innri Njarðvík á næstu árum.

Nú hafa Sjúkratryggingar gengið að tilboði Heilsugæslunnar Höfða í rekstur nýrrar einkarekinnar heilsugæslustöðvar í Reykjanesbæ og vonar Markús að hún verði hrein viðbót við HSS og taki ekki fjármagn þaðan.

Markús skírði frá því að hann hafi nýlega verið í Slóvakíu og hitt íslenska læknanema þar og kynnt HSS fyrir þeim í þeirri von að þeir fái áhuga á að koma til starfa hér.

Mikil viðbrögð urðu við erindi Kjartans og Markúsar

Þeir sem tóku til máls utan úr sal voru:

Oddný Harðardóttir þingmaður,

Guðrún Eyjólfsdóttir formaður Félags eldri borgar á Suðurnesjum,

Guðbrandur Einarson þingmaður,

Hallfríður Hólmgeirsdóttir bæjarfulltrúi í Grindavík.

Upplýsingar sem þeir Kjartan og Markús veittu voru gagnlegar og umræður líflegar.

Nýr formaður Eyjólfur Eysteinnsson sleit fundi um kl. 17:30 og í lokin var boðið upp á dýrindis veitingar sem Sigurjón bakari hafði haft veg og vanda af.

Fundarritari Kristjana H. Kjartansdóttir